

Skólaráð - Reykhólaskóli leik- og grunnskóli - 23. nóvember 2023

## Skóla- og foreldraráð Reykhólaskóla

Skólaráð Reykhólaskóla er sameiginlegt fyrir leik- og grunnskólastig Reykhólaskóla. Ráðið skal skipa níu einstaklingum til tveggja ára í senn. Ákveðið var að helmingur ráðsins endurnýist á ári hverju og helmingur sitji áfram með nýjum fulltrúum.

- Skólaráð Reykhólaskóla árið 2023-2024 skipa:
- Anna Margrét Tómasdóttir, skólastjóri
- Íris Ósk Sigþórsdóttir, fulltrúi leikskólans
- María Rós Valgeirsdóttir, fulltrúi kennara
- Ásborg Styrmisdóttir, fulltrúi nemenda
- Birgitta Rut Brynjólfssdóttir, fulltrúi nemenda
- Hildigunnur Sigrún Eiríksdóttir, fulltrúi nemenda
- Kjartan Þór Ragnarsson fulltrúi grenndarsamfélagsins
- Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir, fulltrúi starfsmanna
- Agnieszka Anna M Kowalczyk, fulltrúi foreldra grunnskólans
- Embla Dögg Bachmann, fulltrúi foreldra leikskólans
- *Til vara:*
- Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir, varafulltrúi kennara
- Sigríður Ísleifsdóttir, varafulltrúi foreldra grunnskólans
- Hafrós Huld Einarsdóttir, varafulltrúi foreldra leikskólans

## Hlutverk skólaráðs

Á fundum skólaráðs skal einkum fjalla um þau verkefni sem nefnd eru í lögum um grunnskóla og eru betur skilgreind í [reglugerðinni](#).

Það ríkir 100% trúnaður um fundi skólaráðs.

- Hvað gerir skólaráð?
  - Skólaráð fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun skólans (skóladagatal, skólareglur og aðrar áætlanir um skólastarfið (t.d. áætlun gegn einelti og öðru ofbeldi, skólabrag og slíkt. Valgreinar á unglingastigi, niðurstöður á samræmdra prófa, skimana og innra og ytra mats.

- o Skólaráð fjallar um meiriháttar breytingar sem eru fyrirhugaðar á starfsemi skólans og gefa umsögn áður en að endanlegar ákvarðanir eru teknar (t.d. samstarf eða sameiningar við aðra skóla, breytingar á rekstrarumhverfi, húsnæði, skólalóð, eða kennsluháttum og kennsluumhverfi sem telja má að hafa mikil áhrif á skólann.
  - o Skólaráðið fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda (getur líka fjallað um skýrslur þar að lútandi)
  - o Skólaráð fjallar um erindi frá Mennta- og menningarmálanefnd (skólanefnd Reykhólahrepps), foreldrafélagi, kennarafundi, almennum starfsmannafundi, nemendafélagi, einstaklingum, mennta- og menningarmálaráðuneyti o.fl.
  - o Skólaráð getur tekið þátt í öðrum verkefni að beiðni skólanefndar.
  - o Skólaráð fjallar **aldrei** um málefni einstaklinga
  - o Til er [handbók](#) um skólaráð sem gott er að kynna sér.
- Starfsreglur skólaráðs;
    - o Hvar og hvenær eru fundirnir haldnir og hversu langir
      - Skólaráð ákveður hversu oft við viljum funda á skólaárinu (miðað er við að funda amk 4x yfir starfsárið (fámennir skólar)) og að einn fundur sé opinn skólasamfélaginu og annar fundur sé með stjórn nemendafélagsins en við erum ekki með nemendafélag í þeim skilningi heldur nemendaráð og þeir nemendur eru virkir í skólaráðinu.
    - o Skólastjóri boðar fundi í tölvupósti
    - o Ef fulltrúi kemst ekki þá þarf viðkomandi að boða varamann sinn
    - o Ef fulltrúi vill koma máli að þá er haft samband við skólastjóra eða taka upp mál undir liðnum „Önnur mál“

## Funda- og starfsáætlun 2022-2023:

**Janúar.** Funda- og starfsáætlun skólaráðs rædd og uppfærð ef þörf þykir.

Starfsáætlun skólans, námsvísir, skóladagatal, námsvísir kynntur og nokkrar áætlanir og stefnur kynntar.

### Dagskrá

- Hlutverk skólaráðs - starfsreglur
- Starfsáætlun vetrarins - Fjöldi funda - fundarstaður - fundartími
- [Heimasíðan](#)
- Skóladagatöl [Reykhólaskóla](#)- breytingar á [leikskóladagatali](#).
- Starfsáætlun [leik-](#) og [grunnskólastigs](#) Reykhólaskóla. Tilgangur og markmið.
- [Námsvísir](#) Reykhólaskóla
- [Eineltisáætlun](#)
- [Ný námsmatsstefna skólans](#)
- Innra mat

## Fundargerð

**17. janúar 2024 kl. 16:00-17:30. Fundur haldin á fundarherbergi starfsmanna í grunnskólanum.**

**Mættir: Á staðnum; Anna Margrét, Íris, Agnieszka, Embla, Ásborg og Hildigunnur. Í tölvu Kjartan, í síma María Rós (hún komst ekki inn á tengilinn í tölvunni. Elísabet komst ekki vegna veikinda. Fundarritari Anna Margrét.**

- Anna fór yfir hlutverk skólaráðs og starfsreglur. Hún fór yfir þetta skjal hér að ofan, og útskýrði fyrir fundarmönnum hvernig hægt væri að nálgast þau gögn sem þarf á að halda.
- Starfsáætlun vetrarins - Fjöldi funda - fundarstaður - fundartími. Anna fór yfir starfsáætlun og efni næstu funda, hún bað fundarmenn að velta fyrir sér þeim þáttum sem eru á fundaráætlun til að geta tekið þátt í umræðum þegar þar að kemur. Starfsáætlun samþykkt og fundartímar verða á miðvikudögum kl. 16:00 í einn og hálfan tíma í senn, dagana 21. febrúar, 10. apríl og 8. maí.
- Anna sagði frá nýrri heimasíðu skólans, og tilgangs hennar. Nokkur vandamál eru enn til staðar.
- Anna og Íris fóru yfir skóladagatöl grunn- og leikskóla. Þær töluðu um að samstillta dagatölin meira á næsta skólaári. Sérstaklega varðandi starfsdaga, jafnvel jóla- og páskafrí. Skólaráð þarf að hafa skoðanir á næsta skóladagatali, hugmyndir um lengra vetrafrí, 185-190 daga skóladagatal. Þær ætla að leggja inn ósk um breytingu á tveimur starfsdögum leikskóla á vordögum.
- Anna og Íris fóru yfir starfsáætlanir ársins og hvar þær væri að finna.
- Anna fór yfir námsvísi Reykhólaskóla og óskaði eftir að nemendur og foreldrar hefðu skoðun á honum og gerðu með okkur endumat á honum í vor.
- Anna fór yfir [Eineltisáætlun](#) sem tekur einnig á samskiptavanda og hversu mikilvægt væri að fara eftir slíkum ferlum.
- Anna fór yfir námsmatstefnu skólans og bað fundarmenn að vera vakandi yfir námsmatinu og hvernig þeim finnst hún birtast þeim í ár og hvaða er gott og hvað megi betur fara. Það verður endumat á stefnunni í vor.
- Anna útskýrði hvað Innra mat væri og hvað væri á dagskrá þennan starfssvetur og að framundan væri ýmsar kannanir á döfinni.

**21. febrúar kl. 16:00-17:30. Samstarf heimilis og skóla, útisvæðið, skóladagatal, skólaþing.**

## Dagskrá;

- [Samstarf heimila og skóla](#) - hugmyndavinna.
- Upplýsingaflæði
  - Tölvupósturinn er málið, hentar öllum best og eðlilegt að fólk fylgist með pósti, passa bara að tölvupóstur sé sendur með góðum fyrirvara
- Skóladagatal og fyrirkomulag næsta skólaárs.
- Viðverustefna nemenda- kynning á nýjum verklagsreglum
- Verklagsreglur vegna skólasóknar- kynning á vinnu í skóla
- Skólanámskrá- kynning
- Nemendaþing og skólaþing - hugmyndavinna

- Útisvæðið, leikvöllurinn í kringum skólann.

### Fundargerð

**21. febrúar 2024 kl. 16:00-17:20. Fundur haldin á fundarherbergi starfsmanna í grunnskólanum.**

**Mættir: Á staðnum; Anna Margrét, Íris, Elísabet, Birgitta, Ásborg og Hildigunnur. Í tölvu Kjartan, María Rós og Agnieszka. Fundarritari Anna Margrét.**

[Samstarf heimila og skóla](#) - hugmyndavinna. Það sköpuðust góðar umræður og komu fram nokkrar góðar hugmyndir. Foreldri þykir samskipti við skóla góð, alltaf hægt að leita til kennara og annara starfsmanna.

- Hugmynd um að hafa amk eitt bekkjarkvöld á ári, þar sem foreldrar og börn koma saman. María talar um að gott væri t.d að halda bekkjarkvöld í samfloti með litlu upplestrarkeppninni, að nýta ferð foreldra í skólann. Þá gætu kannski allir foreldrar komið með eitthvað með sér og hópurinn gæti spjallað saman og skapað tengsl.
- Nemendur tóku vel í að hafa eitt bekkjarkvöld fast á dagskrá á hverju skólaári, helst tvö. Eitt með foreldrum og annað bara fyrir ungmennin.
- Ákveðið að hafa fast á töflu að halda bekkjarfundi á hverju hausti hjá hverju stigi, þar sem farið væri yfir starf vetrarins, foreldrar hittast og samstillta strengi með t.d. "leika heima eftir skóla, að foreldrar gangi í takt, ofl".
- Kjartan segir frá skólum í bænum, bendir á að það sé alltaf gaman að hafa foreldra/nemendaviðburði í samvinnu við skóla. Þá er hægt að spila, kynnast og auka samskipti barna og foreldra. Það sé jákvætt að virkja foreldra í félagsstarf, samvinna sé öllum holl.
- Við ákváðum að gott væri að poppa upp viðburði, og ætlum að skella í eitt spilakvöld eftir páska og fyrir sauðburð þar sem allir í skólasamfélaginu koma saman.

### Upplýsingaflæði

- Tölvupósturinn er málið, hentar öllum best og eðlilegt að fólk fylgist með pósti, passa bara að tölvupóstur sé sendur með góðum fyrirvara

Skóladagatal og fyrirkomulag næsta skólaárs.

- Góðar umræður um skóladagatal, hópurinn jákvæður fyrir skipulaginu á skóladagatalinu. María bendir á að það sé gott að hafa einn starfsdag á klemmu frí til að skapa betra flæði fyrir börn og fjölskyldur. Færðum starfsdag á föstudag eftir sumardaginn fyrsta í stað strax eftir páska. Íris kynnti skóladagatal leikskóla og að við ætlum að óska eftir meiri samstillu í skóladagatali leikskóla og skóla. Það skyldu það allir vel.

Fjarverustefna nemenda- kynning á nýjum verklagsreglum

- Anna kynnti verklagsreglurnar, sem eru mikilvægar fyrir góða starfshætti skóla

Verklagsreglur vegna skólasóknar- kynning á vinnu í skóla

- Anna kynnti verklagsreglurnar, sem eru mikilvægar fyrir góða starfshætti skóla

#### Skólanámskrá- kynning

- Verið var að endurgera skólanámskránnar, sem kláraðist í vikunni. Skólanámskráin er einskona handbók skólans um innra starf og starfshætti um nám og kennslu.

#### Nemendaping og skólaping - hugmyndavinna. Ræddum og nokkrar hugmyndir komu fram.

- Samþykkt að skólapingið væri skólaping sameinaðar Reykhólaskóla. Að gera nokkra vinnuhópa, þar sem foreldrar ræddu saman, starfsmenn, og nemendur. Að fólk gæti valið sér vinnuhóp, þar sem það hefur áhuga á að vera í. Það þyrfti að stýra nokkrum vinnuhópum og ætlað Kjartan að stýra einum vinnuhóp. Kalla á eftir hugmyndum um vinnuhópa og fá óskir frá foreldrum. Dæmi um vinnuhópa;
  - Námsmatsstefna, námsmat almennt
  - Fögin í skólanum, hvað vilja nemendur læra, hvað á að kenna. Námsval nemenda, áhrif nemenda á stundatöflunni.
  - Stundatafla skólans, er kl. 8:15 málið eða er 8:20 betra, það einfaldar t.d stundatöflugerðina. Eigum við að halda áfram með skólann kl. 9:00, þrjá mánuði á ári.
  - Stundatafla leikskólans, á leikskólinn að vera lokið kl. 15:00 á daginn, eða á sama tíma og grunnskóli. Hvað með gæslu fyrir ung börn þegar foreldrarnir eru að vinna.

Útisvæðið, leikvöllurinn í kringum skólann. Nefndarmenn beðnir að tjá sig og hverju myndu þau vilja breyta.

- Langar í fleiri leiktæki segja ungmennin.
- Langar í tæki sem hægt er að hanga í og sem snýst í hringi "gæi til að hanga í".
- Varhugavert að yngstu nemendurnir séu að hlaupa í kringum bílana í útifríminútum og stökkva niður í kjallaratröppurnar við leikskóla.
- Það vantar þurrt svæði út, t.d pall bak við skóla, því á vorinn verður mikil drulla úti þegar snjóá leysir
- Laga fótboltavöllinn sem er bakvið sparkvöllinn, klára vinnu sem hafin var við hann (UDN er með það á sinni könnu)
- Allir sáttnir við tvo innganga í skólann og tvö svæði. En skrítið að það sé ekki opið beint inn í skóla í stað þess að ganga fram hjá WC. Óþægilegt að hafa anddyrið og WC í sama rými.
- Mætti hætta með bílastæðin við innganginn á skólanum, stundum of mikil umferð í kringum anddyrið. Það mætti færa bílastæðið fjær.

#### Samskipti heimili og skóla í starfsáætlun

<https://reykholaskoli.is/skolinn/aaetlanir-og-skyrslur/> bls 12

#### Efni

<https://www.heimiliogskoli.is/fagfolk>

<https://www.youtube.com/watch?v=1t9ZOsMHe6o&t=2s>

### Fundaáætlun - næstu fundir:

**10. apríl 16:00-17:30.** Opinn fundur skólaráðs. Starfsemi foreldrafélagsins kynnt, líðan og velferð nemenda niðurstöður og önnur auglýst dagskráratriði. Samstarf við grenndarsamfélagið - staðartengd menntun í maí.

- Kynning á starfsemi foreldrafélagsins
- Umræður um samvinnuverkefni foreldrafélagsins og skóla, dæmi árshátíð og fullveldishátíð.
- Líðan og velferð nemenda- helstu niðurstöður úr könnunum.
- Mikilvægi svefns -niðurstöður könnunar á svefnhegðun nemenda Reykhólaskóla
- Staðartengd menntun, hugmyndavinna, hvaða áhugaverð verkefni sjáið þið fyrir ykkur í maí.
- Skólalöng, hugmyndavinna. Hvað langar ykkur til að ræða? Viðbætur af hugmyndum með skipulag, 17. apríl eða 30. apríl?

Glærukynning á skólaráðsfundi

 Opin skólaráðsfundur 24.pptx

Fundargerð

 Opinn Skólaráðsfundur 2024

**8. maí kl. 16:00-17:30.** Innritun nemenda, ráðningar starfsmanna. Endurmat á námsvísi. Mat á starfsáætlun ársins, innra mats skýrsla - drög. Önnur auglýst dagskráratriði.

Fundarefni:

- Innritun nemenda
- Skólasliti og Húllum hæh
- Ráðningar starfsmanna
- Endurmat á námsvísi
- Mat á starfsáætlun
- Innramat skýrsla drög

Kosið var í skólaráð af verðandi elsta stigsnemendum. Ásborg heldur áfram í skólaráði og Þórgunnur Ríta kemur inn sem ný í skólaráði.